



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 130/521
komudagur 8.12.2003

Dagsetning
4.12.2003

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til sveitarstjórnarlaga 30. mál, lágmarksstærð sveitarfélags.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur áður veitt umsögn um hliðstætt mál og vísar til þeirrar umsagnar. (**Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga 135. mál, lágmarksstærð sveitarfélaga dags. 31.3.2001**). Stofnunin vill hins vegar einnig benda á að það eru fleiri þættir en fjöldi íbúa í sveitarfélagi, sem hafa mikil áhrif á möguleika sveitarfélaga til að taka að sér verkefni og þjónustu.

Byggðastofnun hefur nýverið látið vinna úttekt á breytingum á aldurssamsetningu í sveitarfélögum og á stærri svæðum á síðustu tíu árum. Niðurstaða úttektarinnar er að í mjög mörgum sveitarfélögum landsbyggðarinnar hefur orðið gríðarleg fækkun í aldursárgöngum sem eru uppistaða fólks á vinnumarkaði. Því er örðugt er að sjá hvernig þau muni ná að sinna þeim verkefnum sem lög gera nú ráð fyrir. Augljóst virðist að móta þarf breyttar áherslur í þessum efnunum og nauðsynlegt að taka breytta aldurssamsetningu og líklega þróun hennar til umræðu í tengslum við breytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Ráðgjafi próunarsviðs
Byggðastofnunar